

MINNISBLAÐ

Sveitarstjóra

OKTÓBER




Rangárþing
eystra

Anton Kári Halldórsson

Að venju stikla ég hér á stóru um nokkur af þeim helstu verkefnum sem við hjá Rangárþingi eystra og aðrir í sveitarfélaginu okkar höfum verið að fást við að undanfögnu.

Dagarnir eru fljótir að líða þegar það er í mörg horn að líta og fjöldi spennandi og krefjandi verkefna eru í vinnslu víðs vegar í sveitarfélaginu.

Haustið hefur farið nokkuð mildum höndum um okkur upp á síðkastið og því hefur gefist færi á því að halda áfram með fjölbreytt framkvæmdaverkefni sem byrjað var á, nú í sumar sem leið.



Markarfljótsaurar





Jafnvægisvogin

Á dögnum hlaut sveitarfélagið Rangárþing eystra viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar 2024. Jafnvægisvogin er hreyfiaflsverkefni Félags kvenna í atvinnulífinu.

Félagið veitir þessa viðurkenningu árlega þeim þátttakendum sem hafa náð að jafna kynjahlutfall í framkvæmdastjórnnum.

Helsta markmið Jafnvægisvogarinnar er að auka jafnvægi kynja í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga á Íslandi. Markmiðið er að hlutföllin verði 40/60 í framkvæmdastjórnnum.

Við í Rangárþingi eystra erum stolt yfir því að geta státað okkur af viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar og það hvetur okkur áfram í að stuðla að jafnrétti kynjanna og bættu samfélagi fyrir okkur öll.

Fjármálaráðstefna

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga var haldin nú í október. Fulltrúar Rangárþings eystra sóttu að sjálfsögðu ráðstefnuna eins og tíðkast hjá stórum hluta kjörinna fulltrúa og fjármálastjóra sveitarfélaga á landsvísi.

Eins og nafnið gefur til kynna er helsta viðfangsefni ráðstefnunnar fjármál sveitarfélaga auk annarra rekstrarþátta.

Ráðstefnan þótti takast vel í flesta staði en einn mikilvægur þáttur slíkrar ráðstefnu er einnig að hitta fulltrúa annarra sveitarfélaga og bera saman bækur sínar, því flest erum við að fást við svipuð verkefni og áskoranir.

Eins og áður hefur komið fram í minnisblöðum mínum hafa sorpmál í Rangárvallasýslu og umsýsla þeirra vakið talsverða eftirtekt á landsvísi og horfa mörg önnur sveitarfélög til okkar og þess árangurs sem við höfum náð í þeim málum. Því var það virkilega ánægjulegt að framkvæmdastjóri Sorpstöðvar Rangárvallasýslu var fenginn til að vera með erindi á ráðstefnunni og fékk hann mikið lof fyrir sinn fyrirlestur sem var stútfullur af fróðleik og góðum ráðum til þeirra er á hlýddu.



Samband íslenskra sveitarfélaga



Njálurefill

Fyrir fundi okkar í dag liggur fyrir til kynningar fyrsta viðskiptaáætlun Njálurefils ses. Eins og flestum er kunnugt lauk gerð refilsins fyrir nokkru síðan og unnið hefur verið að því að finna honum stað til sýningar á undanfögnu. Stjórn Njálurefils réð á vormánuðum verkefnastjóra til að leiða verkefnið og hefur sú vinna gengið framár vonum.

Einkaaðilar hafa einnig verið virkilega duglegir við að afla styrkja og leggja verkefninu lið til að það megi verða að veruleika. Unnið er að samkomulagi við húseiganda LAVA um að hýsa refileinn og sýningarhald í kringum hann, ásamt því að unnið er að hönnun uppsetningar á refileinum sjálfum.

Nú í vikunni var haldið kaffisamsæti á Hótel Rangá þar sem sýning á ferðarefileinum var formlega opnuð ásamt því að verkefnið var kynnt í heild sinni fyrir viðstöddum. Mig langar til að koma á framfæri kærum þökkum til þeirra sem standa að verkefninu í heild sinni og það verður spennandi að fylgjast með á næstunni þegar það fer að taka á sig endanlega mynd.



Fundur með stjórn RARIK

Nú í byrjun hausts bauð stjórn RARIK til fundar með sveitarstjórnarmönnum í Rangárvallasýslu. Fundurinn var vel sóttur af fulltrúum Rangárþings eystra og sköpuðust góðar og gagnlegar umræður í kjölfarið.

Mikið hefur áunnist á undanförunum árum við að koma rafmagnslínum í jörð í Rangárþingi eystra sem eykur afhendingaröryggi raforku til muna, auk þess sem það hefur gríðarlega góð sjónræn áhrif á umhverfið.

Sveitarstjórnarmenn Rangárþings eystra þökkðu fyrir það sem vel hefur verið gert og hvöttu stjórn til að tryggja til framtíðar að starfsstöð RARIK yrði áfram rekin á Hvolsvelli. En sá vinnustaður ásamt öðrum í sveitarfélaginu er okkur mikilvægur til að undirbyggja fjölbreytt atvinnulíf, störf og þjónustu.



Náttúruverndarstofnun

Þann 18. september mætti ráðherra umhverfismála í Ráðhúsi Rangárþings eystra þar sem tilkynnt var um ráðningu forstjóra nýrrar náttúruverndarstofnunar.

Það er ánægjulegt að segja frá því að sú sem ráðin var er Sigrún Ágústsdóttir. Er hún okkur flestum kunn, enda Hvolsvellingur í húð og hár.

Undanfarin ár hefur Sigrún starfað sem forstjóri Umhverfisstofnunar og er því hokin af reynslu í málaflokknum.

Sigrún kemur til starfa í ráðhúsi Rangárþings eystra um áramótin og í framhaldinu munu flytjast til okkar fleiri stöðugildi og er vonast til þess að þau verði orðin talsvert fleiri áður en langt um líður.

Suðurlíf.is

Fyrir skömmu fór í loftið ný vefsíða, suðurlif.is. Um er að ræða samstarfsverkefni sveitarfélaga í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Heimasíðan er svokölluð frístundasíða og er meðal annars ætlað að hýsa yfirlit yfir alla viðburði sveitarfélaganna er snúa að heilsuefningu, menningu, listum og íþróttastarfi. Um mikið framfaraskref er að ræða þar sem nálgast má allar upplýsingar á sama stað.

Ég er þess fullviss að síðan eigi eftir að einfalda líf margra við upplýsingaöflun er tengjast þessum málaflökkum og hvet ég íbúa til að kynna sér síðuna og nýta sér til gagna.



Fundur með SAF

Samtök ferðaþjónustunnar stóðu fyrir opnum fundi í Hvolnum í september. Fundurinn var vel sóttur af fjölbreyttum hópi fólks.

Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður samtakanna voru með framsögu á fundinum sem var einkar áhugaverð og upplýsandi. Talsverðar umræður sköpuðust í kjölfarið og satt best að segja verður að teljast að framtíð og uppbygging ferðaþjónustu í Rangárþingi eystra sé björt.


Tækifærin liggja víða og við eigum svo sannarlega mannauð hér í okkar sveitarfélagi sem er tilbúinn að leggja allt sitt af mörkum til að nýta þau. Engu að síður er mikilvægt fyrir okkur öll að vanda til verka er snýr að skipulagsmálum, uppbyggingu og þjónustu.



Svæðisskipulag Suðurlands

Áður hef ég fjallað um Svæðisskipulag Suðurlands hér í mínum minnisblöðum. Skipulagið er samræmt svæðisskipulag fyrir 11 sveitarfélög á Suðurlandi og tekur yfir hálendissvæði þeirra.

Helstu þættir skipulagsins snúa að fyrirkomulagi og skipulagi ferðamannastaða og samgangna á hálendi Suðurlands. Það er engan veginn sjálfgefið að þessi 11 sveitarfélög skyldu ná að marka sína stefnu sameiginlega svona skýrt og vel.



Skipulagið var samþykkt af öllum aðildarsveitarfélögum á vormánuðum og hefur verið til yfirferðar hjá Skipulagsstofnun. Nú hefur stofnunin hins vegar vísað tillögunni til ráðherra með þeim skilaboðum að synja beri staðfestingu skipulagsins þar sem það samræmist ekki að fullu leyti landskipulagsstefnu sem samþykkt var af Alþingi ásamt aðgerðaráætlun, sem ekki hafði tekið gildi þegar sveitarfélögin öll staðfestu skipulagið. Við þessa ákvörðun Skipulagsstofnunar koma sveitarfélögin til með að gera verulegar athugasemdir, þar sem að við teljum okkur vera að sinna okkar ábyrgðar- og lagalega hlutverki að marka stefnu okkar í skipulagi til framtíðar.

Ég er nokkuð spenntur fyrir því hvernig afgreiðsla þessa máls á eftir að þróast í ráðuneytinu og tel það vera algjört prófmál varðandi það að skera úr um hvort skipulagsvald sveitarfélaga sé raunverulega til staðar eða að það skuli fært til stofnana ríkisins. Á næstu dögum mun svæðisskipulagsnefnd skila sínum rökstuðningi til ráðuneytisins og mun ég gera málinu frekari skil þegar fram líða stundir.



Umhverfis- og garðyrkjustjóri

Starf umhverfis- og garðyrkjustjóra var auglýst laust til umsóknar á vordögum. Ekki tókst að ráða í starfið á þeim tímapunkti en líðandi sumar sannaði sannarlega fyrir okkur hversu mikilvægt starfið er fyrir okkur og okkar fallega samfélag.

Starf umhverfis- og garðyrkjustjóra Rangárþings eystra var auglýst að nýju laust til umsóknar og var umsóknarfrestur til og með 15. október 2024. Alls bárust 8 umsóknir um stöðuna. Nú stendur yfir vinna við yfirferð umsókna og vonast er til þess að geta ráðið í starfið sem fyrst.

Þó að vetur sé að ganga í garð eru verkefni fjöldamörg frá degi til dags og einnig felst í starfinu mikill undirbúningur fyrir komandi vor og sumar.



Að lokum

Líkt og nefnt var í upphafi var hér aðeins stiklað á stóru um það sem við höfum verið að fást við undanfarinn mánuðinn. Haustin einkennast talsvert af funda- og ráðstefnuhöldum sem er verulega skemmtilegur og gefandi tími, en flest okkar gætu eflaust þegið aðeins fleiri klukkustundir í sólarhringinn.

Það eru annasamir og spennandi tímar fram undan hér í Rangárþingi eystra sem og á landinu öllu.

Gleymum samt ekki að sinna okkur sjálfum og fólkinu okkar, njótum þess að vera til.



Þríhyrningur

